

APA-KERFIÐ MEÐFERÐ OG NOTKUN HEIMILDA

Tinna Jóhanna Magnusson
24. október 2016

APA-STADALL

- *American Psychological Association*, 6. útgáfa
- Kerfi yfir skráningu heimilda og vísun í þær
- Íslensk útgáfa: skrif.hi.is/ritver



ÚTGÁFUREGLUR APA

- Val á heimildum
- Lesmál
- Heimildaskrá og sætin fimm
- Skráning heimilda
- Frágangur

MAT Á HEIMILDUM

- Áreiðanleiki
- Gildi fyrir viðfangsefnið
- Höfundur
- Aldur heimildar
 - Frumheimild eða afleidd heimild

VAL Á HEIMILDUM

- **Frumheimildir**

- Fyrsta lýsing, kenning, hugmynd, niðurstaða

- **Afleiddar heimildir**

- Samantekt, skýringar, vísað í millið

- **Heimildir af vefnum**

- Lítið eftirlit, ekki ritrynt efni, ómarktækt

LESMÁL

- **Tilvitnanir**

- Efni sem fengið er úr heimild, orðrétt eða endursagt

- **Tilvísanir**

- Vísa til heimildar í heimildaskrá

Talið er að hamleikir hafi upprunalega verið hluti af einhvers konar helgiathöfn en einnig getur verið að þeir hafi einfaldlega verið fluttir áhorfendum til skemmtunar (Storey og Allan, 2005, bls. 4).

Tilvitnun

Tilvísun

TILVITNANIR

- **Í efni**

- Óbein tilvitnun, algengasta notkun heimilda
- Gæta þess að merkingin breytist ekki

- **Í orðalag**

- Bein tilvitnun, texti tekinn orðrétt upp úr heimild, notað í hófi

- **Í myndefni**

- Línurit, gröf, töflur, teikningar, ljósmyndir, o.s.frv.
- Allt myndefni er höfundarverk

STUTTAR OG LANGAR TILVITNANIR

- **Stutt bein tilvitnun** er afmörkuð með gæsalöppum

„Sjór farandskuggi er lífið“ (Shakespeare, 1993, bls. 78).

Samkvæmt Shakespeare er lífið „stutt lygasaga þulin af vitfiringi“ (1993, bls. 78)

- **Löng bein tilvitnun** er afmörkuð með inndrætti

Sjór farandskuggi er lífið, leikari sem fremur kæki á fjölonum um stund og þegir uppfrá því, stutt lygasaga þulin af vitfiringi, haldlaust gæp, óráð, sem merkir ekkert. (Shakespeare, 1993, bls. 78)

TILVÍSANIR

- **Vísa úr lesmáli í heimildaskrá**
- Gætið samræmis
 - Tilvísunin skal vísa lesanda á réttan stað í heimildaskrá
- Í heimildaskrá eiga **ekki** að vera verk sem ekki er vísað til
- Allar heimildir sem vísað er til skulu vera í heimildaskrá
 - **Nema munnlegar heimildir; klassísk verk, heil vefsvæði**

TILVÍSANIR

- Vísa til heimilda í **hvert sinn sem þær eru notaðar**, hvort sem vitnað er í orðalag eða efni
- Tilvísun í lesmáli er í þremu lagi:
 - Nafn höfundar (eða þess sem kemur í stað höfundar)
 - Útgáfuár heimildar
 - Blaðsíðutal (eða annað sem auðveldar lesanda að finna tilvitnun í heimild)

TILVÍSUN

Margir taka uppeldismál alvarlega og um þau er stundum deilt því þau eru í eðli sínu álitamál (Jón Torfi Jónasson, 2006, bls. 40)

Nafn höfundar Ártal Blaðsíðutal Tilvísunarsvigi

STAÐSETNING TILVÍSANA

- **Vísa til heimildar um leið og umfjöllun hefst – ekki í lokin**
- **Áhersla á efni**
Margir taka uppeldismál alvarlega og um þau er stundum deilt því þau eru í eðli sínu álitamál (Jón Torfi Jónasson, 2006, bls. 40).
- **Áhersla á höfund**
Jón Torfi Jónasson (2006, bls. 40) segir marga taka uppeldismál alvarlega og að um þau sé stundum deilt því þau eru í eðli sínu álitamál.
- **Áhersla á tímasetningu**
Í umræðum um menntamál árið 2006 benti Jón Torfi Jónasson (bls. 40) á að margir taki uppeldismál alvarlega og að um þau sé stundum deilt því þau eru í eðli sínu álitamál.

HEIMILDASKRÁ OG SÆTIN FIMM

- **Höfundarsætið** – höfundur heimildar eða sá sem tekur höfundarábyrgð á verkinu
- **Tímasætið** – útgáfuár heimildar
- **Titilsætið** – titill heimildar
- **Útgáfusætið** – útgáfustaður og útgáfufyrirtæki
- **Vefsætið** – vefslóð eða DOI-númer

[höfundarsætið]. [tímasætið]. [titilsætið]. [útgáfusætið]. [vefsætið].

HÖFUNDARSÆTIÐ

- **Höfundur**
- **Ritstjóri** – ritstýrð verk
- **Stofnun** – skýrslur, ábyrgðaraðilar vefsvæða
- **Titill** – höfundur óþekktur, enginn ritstjóri
- **Vefsvæði** – óskýrt hver er höfundur eða ábyrgðaraðili

TÍMASÆTIÐ

- **Útgáfuár heimildar**
 - Stundum er nákvæmari dagsetning viðeigandi
- **Ef dagsetningu vantar**
 - (e.d.)
 - (i prentun)
- **Aðgreining verka samkvæmt stafrófsröð**
 - (2015a), (2015b), o.s.frv.

TITILSÆTIÐ

- **Titill verks**
 - Eins og hann er á titilsíðu verks, bæði yfirtitill og undirtitill
- **Óskipt titilsæti** – bækur, skýrslur, vefsíður, o.fl.
 - Hannes Pétursson. (2006). *Fyrir kvölddyrum*. Reykjavík: Mál og menning.
- **Skípt titilsæti** – tímaritsgreinar, kaflar í ritstýrðum bókum, o.fl.
 - Dockett, S., Einarsdóttir, J. og Perry, B. (2009). *Researching with children: Ethical tensions*. *Journal of Early Childhood Research*, 7(3), 283–298. doi:10.1177/1476718X09336971

ÚTGÁFUSÆTIÐ

- **Útgáfustaður** – borg, ekki land
 - Skrá fyrstu borgina sem kemur fram ef þær eru margar
 - Ekki skrá niki í Bandaríkjunum nema borg sé óþekkt eða til aðgreiningar
- **Útgáfufyrirtæki**
 - Ekki rekstrarform (hf., ehf., Inc)
 - Sleppa augljósum upplýsingum (~~Bókaútgáfa~~ Bjartur)
 - Ef útgefandi er höfundur er það skráð í stað útgáfufyrirtækis

VEFSÆTIÐ

- **DOI númer**
 - doi: 10.1111/j.1360-0443.2009.02510.x
- **Vefslóð**
 - Sótt af <http://www.edutopia.org>
 - Enginn punktur fyrir aftan
- **Kemur í stað útgáfusætis hjá rafrænum heimildum**

VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR

- **Í höfundarsæti**
 - Hlutverk annarra en höfunda tilgreint – (ritstjóri) eða (annaðist útgáfu)
- **Í titilsæti**
 - Tegund heimildar – [Hjóðbók] eða [bæklingur]
 - Síðari útgáfur – (4. útgáfa)
 - Um þýðanda – (Kristján Árnason þýddi)
- **Í útgáfusæti**
 - Frumútgáfa – (frumútgáfa 1889)
 - Titilútgáfa (2007/1889)

SKRÁNING HEIMILDA

- Ásta Kristín Benediktsdóttir (2013, haust/vetur). Kynvilla á dögum spænsku veikinnar [ritdómur um bókina *Mánasteinn – dægurinn sem aldrei var til eftir Sjón*]. *Spássian* 4, 6.
- Gunnar Skarphéðinsson (þjó til prentunar). (2011). *Edla Snorra Sturlusonar*. Reykjavík: IÐNU.
- Green, J. (2010). *Will Grayson, Will Grayson*. New York: Penguin Group.
- Jóhannes B. Sigtryggsson (ritstjóri). (2011). *Handbók um íslensku*. Reykjavík: JPV útgáfa.
- Ragnhildur Bjarma dóttir (2008). Starfshæfni kenndra frá sjónarhóli norræna kennaranna. *Uppeldi og menntun*, 17(2), 55–74.
- Young, J. og Forster, A. (2007). Rehabilitation after Stroke. *British Medical Journal*, 334, 86–90.

FRÁGANGUR

- Vanda frágang – fylgja fyrirællum kennara
- **Endnote**
- Röð heimilda og uppsetning
- Tungumál
- Gæsalappir
- Skammstafanir
- Samræmi

LEIÐBEININGAVEFURINN



TAKK FYRIR MIG!